

34. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjud. 19. ágúst 2014

Fundargerð

Fundurinn er haldinn að Búðareyri 2 á Reyðarfirði kl. 14:00

Mættir: Valdimar O. Hermannsson, formaður, sem stýrði fundi, Stefán Bogi Sveinsson, Sverrir Mar Albertsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Auður Anna Ingólfssdóttir og Rögnvaldur Ólafsson sem ritaði fundargerð. Adolf Guðmundsson boðaði seinkun á fundinn.

Jóna Árný Þórðardóttir starfandi framkvæmdastjóri sat fundinn, auk þess kom Skúli Björn Gunnarsson undir 2.lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Fundargerð 33. stjórnarfundar undirrituð og staðfest.
2. Starfsháttanefnd mætir til fundar um sviðsmyndir (SBG)
3. Fjármál Abr., sjóðstreymi og stöður mála. (JÁÞ)
4. Skýrsla framkvæmdastjóra – stöður ýmissa mála Abr.
5. Önnur mál,.....



Formaður setti fund kl. 16.00 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð 33. stjórnarfundar undirrituð og staðfest

Fundargerð 33. fundar stjórnar undirrituð og staðfest. Hún hefur áður verið send stjórnarmönnum í tölvupósti.

2. Starfsháttanefnd fer yfir stöðu mála

Skúli Björn kynnti drög að tillögum starfaháttarnefndar. Settar hafa verið upp 4 sviðsmyndir. Miðað er við að lokatillögur verði tilbúnar 15. september. Málið var rætt og Skúli Björn svaraði spurningum.

Skúli Björn vísar af fundi.

3. Fjármál Abr., sjóðstreymi og stöður mála

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Erfitt hefur verið að ná tökum á sjóðstreymi stofnunarinnar og enn er verið að leita lausna á þeim málum. Ljóst er að breyta þarf skammtímafjármögnun í langtímafjármögnun með afborunum sem stofnunin ræður við. Reiknað er með að leggja fram 6 mánaða yfirlit fyrir næsta stjórnarfund.

4. Skýrsla framkvæmdastjóra – stöður ýmissa mála

Framkvæmdastjóri fór yfir þá fundi sem hún hefur átt síðan á síðasta stjórnarfundum m.a. við Innanríkisráðherra, Hönnu Birnu og Sjávarútvegsráðherra, Sigurð Inga. Framkvæmdastjóri stefnir að því að reyna funda með öllum fulltrúum sveitarfélagana fyrir mánaðarmótin sept/okt. Búið er að funda með Fljótsdalshéraði og Breiðdal og dagsetning komin á fund með Fjarðabyggð og Djúpavogi. Markmiðið með fundunum er að fara yfir þá vinnu sem er í gangi innan Austurbrúar ásamt því að ræða þau mál sem eru efst á baugi gagnvart hverju sveitarfélagi. Framkvæmdastjóri hefur átt í viðræðum við Byggðastofnun og Landsbankan um fjármögnun tengt húsnæðinu í Miðvangi en reiknað er með að Austurbrú flytji starfsemi sína á Vonarland í lok ágúst. Horft er til möguleikanna á að leigja út Miðvang í framhaldinu ef ekki kemur til sala. Skýrt var frá viðræðum við Nýsköpunarmiðstöð um starfsemi þeirra á Austurlandi, við Byggðastofnun um framhald verkefnisins um brothættar byggðir og innanríkisráðuneytið um almenningsamgöngur. Þjónustusamningar við sveitarfélög tengt ferðamálum og atvinnuþróunarmálum runnu út um síðustu áramót og er markmiðið að framlengja þann samning út árið 2014 og gera nýja samninga fyrir árið 2015 á meðan fjárhagsáætlunarferli sveitarfélaga er í gangi. Rætt hefur verið við innanríkis- og atvinnuáráðuneyti um hækkun stofnframlags vegna þróunar og reiknað er með að senda inn erindi fyrir fjárlaganefnd í haust. Í málaflokkum Austurbrúar eru þessi mál efst á baugi:

- Markaðsmál – hönnun nýrrar vefsíðu markaðsstofanna er að ljúka, east.is. Hönnun áfangastaða er komin í fullan gang og framundan er fyrsti fundur í stýrihóp um flugvallarverkefnið
- Atvinnuþróunar- og nýsköpunarmál – verið er að reyna finna farveg fyrir Ál og Fisk verkefnið. Skýrsla um sjávarútvegsmál er komin út og hefur hún verið kynnt ágætlega. Sjávarútvegsskólinn gengur vel og töluvert um sókn í aðstoð sem alla jafna ætti að vera sinnt af Nýsköpunarmiðstöð. Fab-Lab er komið af stað og er hópur að fara af stað í þjálfun í Vestmannaeyjum fljótlega. Búið er að gera verktakasaming í tengslum við frumkvöðlasetur á Djúpavogi og reiknað er með að vinna við breytingar á húsnaði fari af stað um mánaðarmótin.
- Símenntunarmál – bæklingur um menntastöðir er kominn út, námsvísir er í vinnslu. Reiknað er með að nýta enn frekar eigin kennara í kennslu á námskeiðum í haust. Samningur við menntamálaráðuneytið er ekki kominn í höfn en ekkert hefur heyrst frá ráðuneytinu vegna þeirra athugasemda sem settar voru fram á fundi í byrjun júlí.
- Háskólanám og rannsóknir – Mikill tími hefur farið hjá Guðrúnu í vinnu starfsháttanefndarinnar en reiknað er með að henni ljúki upp úr miðjum sept. Ýmsar hugmyndir eru uppi um mögulega uppbyggingu rannsóknastarfs á Austurlandi og verður endurvakning stofnunar rannsóknarsetra góður stuðningur við slíkt.
- Menningarmál – undirbúningur stendur yfir vegna ráðstefnunnar Grenselös energy sem verður seinni partinn í október í norræna húsinu í Reykjavík. Eyjahjartarannsóknin komst vel af stað og er mikilvæg í framþróun MMF á Austurlandi.
- Stoðþjónusta – Undirbúningur undir flutning á Vonarland er í hámarki, búið er að funda nokkrum sinnum með formanni stjórnar vísindagarðsins um ýmis mál sem þarf að laga s.s. lykt á neðri hæð, málningu á nokkrum skrifstofum, frágang utandyra o.sfrv. Reiknað er með að starfsmenn hefji mætingu á nýjan stað 1. Sept. Stefnt er að því að hafa fund með starfsmönnum á Vonarlandi þann 27. Ágúst. Þangað koma fulltrúar Nýsköpunarmiðstöðvar og verða með erindi ásamt því sem reiknað sé með að fara yfir tillögur starfsháttanefndar og fleiri mál.
- Sveitastjórnarmál – Ólafur Áki lætur af störfum í lok ágúst. Reiknað er með að Framkvæmdastjóri taki ábyrgð á málaflokknum þar til annað er ákveðið. Mun hún hafa með sér aðra starfsmenn Austurbrúar í undirbúningi aðalfundar SSA sem og annarri vinnu fyrir SSA.
Stefnumótun – búið er að fara í gegnum þau gögn sem eru til um stefnu Austurbrúar. Dreift er drögum að stefnu ásamt ítarefni sem stjórnarmenn eru beðnir um að kynna sér fyrir næsta fund. Starfsmenn stofnunarinnar telja stefnuna komna í endanlegan búning.

5. Önnur mál

- Fundarboðun – Adolf óskaði eftir því að fundarboðun yrði með meiri fyrirvara og jafnvel hægt að setja fram fundarplan nokkra mánuði fram í tímann. Framkvæmdastjóri fór yfir það að eftir aðalfund 30. September ætti það að vera fyrsta verk stjórnar að fara yfir starfsreglur í tengslum við fundi stjórnar.
- Fjárhagsyfirlit – Arnbjörg óskaði eftir því að fyrir næsta fund kæmi fjárhagsyfirlit sem sýni fjárhagsstöðu. Framkvæmdastjóri samsinnti því og stefnir að því að 6 mánaða yfirlit verði lagt fyrir næsta fund.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið kl. 19:00

Valdrimar O. Hermannsson

Stefán Bogi Sveinsson

Sverrir Mar Albertsson

Arnbjörg Sveinsdóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Auður Anna Ingólfssdóttir

Adolf Guðmundsson

